

# MONITOR



FRITT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**



*Kafðu það notalegt með Cadbury yfir hátíðirnar*



Með tilkomu Svölu á forsiðu Monitor hafa nú fjögur sett af systkinum prýtt forsiðu Monitor: Logi og Unnsteinn í Retro Stefson, Friðrik Dór og Jón Jónsson, Ari og Halldór Eldjárn og nú Krummi og Svala.



## MARGRÉT STELLA

Fyrstu sex: 281299.  
Upphaldstónlistar-  
maður: Justin Bieber.  
Upphaldsjólagag: All  
I want for Christmas  
með Mariah Carey.  
Upphaldskvikmynd:  
Hunger Games.  
Fyrirmyndir mínar  
eru: mamma og pabbi.

# Stórt skref fyrir mig

**Margrét Stella Kaldalóns** er jólastjarnan í ár og mun á laugardaginn syngja fyrir þúsundir gesta sem leggja leið sína á Jólagesti Björgvins í Laugardalshöll.

„Ég er mjög spennt en ég er samt líka mjög stressuð. Ég held að þetta verði samt mjög gaman og mjög skemmtileg upplifun,” segir Margrét Stella Kaldalóns sem nýverið var valin jólastjarnan 2012 úr hópi 500 ungmenna sem tóku þátt í keppninni. Hún mun því syngja á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll á laugardaginn. „Ég syng Ég hlakka svo til og svo tek ég þátt í loklaginu,” segir Margrét. „Ég er ekki ennþá búin að velja fötin því ég á eftir að fara á fund með búningastýr-  
unni, hún segir mér hvernig ég á að vera,” segir Margrét og bætir við að ef hún ætti að ráða sjálf þá myndi hún kaupa sér flottan kjól.

### Vinkonur mínar mæta pottþétt

Margrét hefur verið í Sönglist frá níu ára aldri eftir að hafa verið í tvær annir í Söngskóla Maríu Bjarkar. „Ég er búin að vera syngjandi síðan ég man eftir mér. Ég var alltaf kölluð söngfuglinn á leikskólanum,” segir Margrét og hlær. Hún segir þáttöku sína í Sönglist hafa verið góða reynslu en uppfærslurnar sem hún sé vön séu ekki í líkingu við það sem hún eigi í vendum um helgina. „Þetta er rosalega stórt skref fyrir mig,” segir hún.

Það var Björgvin Halldórsson sjálfur sem heimsótti Margréti í Haga-skóla, þar sem hún er nemandi í 8. bekk, og tilkynnti henni að hún væri jólastjarnan 2012. Samnemendur hennar voru því ansi ánægðir fyrir hennar hönd en þó er óvíst hve hve margir þeirra ætli að láta sjá sig á tónleikunum. „En vinkonur mínar mæta samt pottþétt,” segir Margrét.

### Hlakkar til að komast í jólafrí

Margrét hefur í nógu að snúast þessa dagana því ásamt jólatónleika-ævintýrinu er hún á fullu í prófum í skólanum. „Ég hef voðalega lítinn frítíma þessa dagana og ég tel niður dagana til jóla. Ég er aðallega spennt fyrir því að komast í jólafrí,” segir Margrét sem þarf þó að biða alveg til 21. desember til þess að komast í jólafrí og geta notið jólanna til fullnustu. „Ég er mikið jólabarn af því að ég á líka afmæli í kringum þann tíma. Það skemmir ekki fyrir að fá svona marga pakka á stuttum tíma,” segir Margrét og hlær. Þó Margrét segi að vissulega sé það mikil hvatning að vera jólastjarnan þá hafi hún alltaf stefnt á að verða söngkona. „Ég er löngu búin að ákveða að ég ætlaði að gera þetta þegar ég verð eldri. Nú hef ég bara meiri trú á því að það gerist,” segir Margrét að lokum, glöð í bragði.

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR FATAFRÍKIN

Forsíðufyrir-  
sæta Mon-  
itor þessa  
vikuna,  
Svala  
Björgvins  
ætla að  
vera með  
trylltan  
fatamarkað



á sunnudaginn  
næsta, 16. desember að Miðstræti 12  
við Skálholtsstíg frá klukkan 15 til  
17. Þar verður hún með flotta kjóla,  
buxur, toppa og fleira á mjög finu  
verði, 1000 til 5000 krónur  
hverja flík.

#### FYRIR FORVITNA

Það er upplagt að sem  
flestir mæti á planið  
fyrir utan IKEA klukk-  
an 10 á laugardaginn  
15. desember til að sjá  
Sigríði Erlu Viðarsdótt-  
ur, verðandi fótboltafrú,  
framkvæma listrænan gjörning til  
að vekja margvíslegar hugrenningar  
um sjálfið, samfélagið og bráðnun  
jökla á Íslandi. Sjón er sögu ríkari.

#### UM HELGINA

Sjálfbóða-  
liðar sam-  
takanna  
Múltí  
Kúltí  
standa  
fyrir fata-  
markaði og  
kökubasar um  
helgina sem ætlað



er að afla fjár til styrktar börnum  
í Keníu. Sjálfbóðaliðarnir störfuðu  
sjálfir í Keníu fyrr á árinu og munu  
sjálfbóðaliðar næsta árs sjá til þess  
að allur ágóði söfnunarinnar skili  
sér til bágstaddir barna í Keníu.  
Monitor mælir með því að lesendur  
leggi góðu málefni lið á aðventunni  
með því að mæta á Barónsstíg 3 á

## Facebook



**Kjartan Atli  
Kjartansson**  
Lið Arsenal er  
eins og Bubba í  
Forrest Gump,  
ekkert nema

draumar um stóra hluti.  
Gott að Robin Van Persie tók  
Forrest Gump á þetta og heldur  
titilvon þeirra á lofti með því að  
ganga til liðs við Manchester  
United.  
Hann getur svo gefið Wenger  
hluta af medalunni sinni, eins  
og Forrest Gump gerði við  
mómmu hans Bubba.

11. desember kl. 22:44



**Dyri  
Kristjánsson**  
Að panta mat:  
Símastúlka:  
„hvert er  
nafnið?”

Ég: „Dýri”  
Símastúlka: „HA???” ...classic

11. desember kl. 20:24



**Margrét Erla  
Maack**  
súpa dagsins á  
RÚV er rjóm-  
lögðu lauksúpa.  
Sorri með mig,  
en það meikar ekkerit sens.

11. nóvember kl. 11:09



**Thorunn  
Antonia  
Magnúsdóttir**  
Neii..held ég  
sé að fara að  
missa af fluginu  
mínu heim..fósti í lest sem er  
stopp í Croydon :(

7. desember kl. 10:21

## FEITAST Í BLAÐINU

**4 Monitor**  
kynnir  
þá  
listamenn sem  
fram koma á  
hátiðinni Hátt  
í Höllinni.



**7 Svala  
Björg-  
vins**  
ræðir við Einar  
Lövdahl um  
tónlistina og  
lífið sjálft.



**12 Stíl-  
Lísa**  
fær  
Ástu Jóhann-  
sdóttur til að  
sýna sjö upp-  
halds hlutina.



**14 Stíllinn**  
skoðar  
nýja  
línu hjá Gallerí  
17 sem einkenn-  
ist af falllegum  
printum.



## Efst í huga Monitor Íslensk tónlist í pakkann

Árið 2012 hefur verið alveg ótrúlega gott ár í íslenski tónlist. Bæði hafa margir nýir íslenskir tónlistarmenn rutt sér rúms í tónlistarsenunni hérlendis og þá hafa gamlar og góðar hljómsveitir einnig gengið í gegnum endurnýjun lífdaga.

Það er ótrúlega gaman hvernig þessi uppgangur hefur smitast út í þjóðfélagið og maður hefur það á tilfinningunni að fólk hafi meiri áhuga en oft áður að skella sér á tónleika, sama hvort það eru litlir tónleikar á Rósenberg eða stórir tónleikar í Eldborgarsalnum í Hörpu.

Nýlega voru opinberaðar tilnefning-  
arnar til íslensku tónlistarverðlaun-  
anna og er gaman að sjá hve margir ungrir listamenn komast þar á blað. Slík viðurkenning hlýtur að vera góð hvatning fyrir alla þá sem eru að grúska í tónlist og hyggja á að gefa út sitt eigið efni.

Frammistaða Of Monsters and Men á erlendum vettvangi hlýtur einnig að vera öðrum íslenskum listamönnum góður innblástur því þau hafa sýnt að góð blanda af hæfileikum, dugnaði og einlægni getur komið fólk langt.



Mat dómnefndar á vegum Rann-  
sóknarseturs verslunarinnar þess  
efnis að íslensk tónlist sé jólagjöfin  
í ár hlýtur svo að setja punktinn  
yfir i-ið í þessu góða ári íslenskrar  
tónlistar. Reynist söluaukningin á  
innlendu tónlistinni rétt þá held  
ég að það sé ljóst að það sé jákvæð  
aukning því það verður erfitt að  
verða fyrir vonbrigðum innihaldi  
pakkinn íslenska plötu í ár, slík eru  
gæðin.

Monitor hvetur lesendur til að lauma íslenski tónlist í pakkana í ár.

Ljúfar stundir,  
Jón Ragnar

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



## Ásgeir Trausti

Árið 2012 mun eflaust seint eða aldrei renna Ásgeiri Trausta úr minni því allt sem hann hefur snert virðist hafa orðið að gulli. Plata hans *Dýrð* í dauðapögn hefur selst í bílförnum og þá hafa lögin hans *Sumargestur*, *Leyndarmál* og *Dýrð* í dauðapögn náð til eyrna flestra á eyjunni okkar fögru. Undanfarið hefur Ásgeir svo fengið góðar viðurkenningar en hann er tilnefndur í 6 flokkum á Íslensku tónlistarverðlaununum, meðal annars sem söngvari og lagahöfundur ársins og þá er breiðskífa hans á meðal 12 platna sem tilnefndar eru til Tónlistarverðlauna Norðurlandanna, Nordic Music Prize.

## Kiriyama Family

Eftir að hafa endað Nilfisk-ævintýri sitt byrjuðu Jói, Víðir og Kalli að fíkta við Kiriyama-verkefnið árið 2007 en fyrsta lagið gáfu þeir ekki út fyrr en í ársbyrjun árið 2011 þegar Bassi og Gummi voru komnir í fjölskylduna. Lag þeirra *Weekends* fékk góða spilun á útvarpsstöðum landsins í ár og lag þeirra *Heal* hefur einnig ómað duglega á öldum ljósvakans. Strákarnir vöktu svo mikla lukku þegar þeir fengu Geira Sæm til liðs við sig á Menningarnótt í sumar en saman tóku þeir Froðuna sem Geiri gerði vinsæla á síðustu öld.



## Moses Hightower

Eftir vel lukkaðan frumburð, Búum til börn, sem kom út árið 2010 skildu leiðir strákanna um stund. En sem betur fer lögðu þeir ekki endanlega upp laupana og í ár kom út Önnur Móseabók þeirra. Lögin *Stutt skref* og *Sjáum hvað setur* hafa fengið góða útvarpsspilun en síðarnefnda lagið er einnig tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Það er ekki eina tilnefningin sem strákarnir fá því Andri Ólafsson og Steingrímur Teague fá tilnefningu sem textahöfundur ársins og báðir eru þeir tilnefndir í flokki söngvara ársins. Þá er Önnur Móseabók tilnefnd sem hljómplata ársins og sveitin er tilnefnd í flokki lagahöfunda ársins.

# HÁTT Í HÖLLINNI

Það verður veisla á miðvikudaginn þegar mörg af stærstu nöfnum ársins í íslenskri tónlist stíga á stökk í Laugardalshöllinni. Það er því mikill heiður fyrir **Monitor** að kynna tónlistarfólkið til leiks.



## Hjálmar

Meðlimir Hjálma ættu að geta kennt yngri hljómsveitunum sem koma fram þetta kvöld sitthvað í fagi tónlistarinnar enda hefur sveitin verið starfandi frá árinu 2004. Flestir ef ekki allir Íslendingar kannast við hljómsveitina sem kom eins og stormsveipur inn í tónlistarlífið hérlandis á sínum tíma með sitt íslenska „reggae.“ Hjálmar hafa spilað töluvert erlendis á þessu ári og hafa komið fram á tónlistarhátiðum víða í Evrópu. Þá hélt hljómsveitin í fyrsta sinn til Grænlands þar sem hún dvaldi í nokkra daga í tónlistarlegum erindagjörðum.



## Valdimar

Hljómsveitin Valdimar gaf út sína fyrstu plötu, *Undraland*, árið 2010 og sló heldur betur í gegn árið 2011 og í hverju stræti mátti heyra menn opinbera það að þeir heyrðu læti. Í október gáfu svo Valdimars-liðar út plötuna *Um stund* sem hefur fengið frábærar viðtökur, meðal annars fjórar stjórnur í *Fréttablaðinu*, 9,75 af 10 á Rás 2 og tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins. Fyrsta lagið þeirra af nýju plötunni, lagið *Sýn*, hefur náð toppsætum víða. Valdimar Guðmundsson, söngvari sveitarinnar, hefur líka verið áberandi á þessu ári og er hann tilnefndur sem söngvari ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

## Jónas Sigurðsson

Í síðustu viku var það tilkynnt að Jónas Sigurðsson hafi bæst í hóp stórskotaliðsins sem treður upp í Höllinni. Jónas er eins og einhverjir vita gamall Sólstrandagæi en endurkoma Jónasar átti sér stað árið 2007 þegar hann sendi frá sér plötuna *Þar* sem malbikið svífur mun ég dansa. Önnur breiðskífa Jónasar kom út árið 2010 og heitir *Allt* er eitthvað en hana vann Jónas í samstarfi við hljómsveit sína, *Ritvélar* framtíðarinnar. Þá var lagið *Hamingjan* er hér útnefnt lag ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Jónas sendi frá sér plötuna *Þar* sem himin ber við haf í október í samstarfi við Lúðrasveit Þorlákshafnar.

## Einar Mikael töframaður mætir í Hókus Pókus



Einar Mikael töframaður mætir í Hókus Pókus og kynnir DVD diskinn sinn, sýnir og kennir ýmis ótrúleg töfrabrögð sem fást í búðinni. Töfrabrögð eru frábær jólagjöf og sniðug fyrir jólasveina!

Einar verður við á þessum tímum:

Í dag, fimmt. 13. des. frá 19-22  
Föstudaginn 14. des. frá 19-22  
Fimmtudaginn 20. des. frá 19-22  
Föstudaginn 21. des. frá 19-22



Skemmtileg tilboð í gangi!



Laugavegi 69 - Sími 551-7955

[www.hokuspokus.is](http://www.hokuspokus.is)

Vefverslun

Info T. 354 511500



diesel.com

**DIESEL**<sup>®</sup>  
FOR SUCCESSFUL LIVING



Í margra huga eru ekki komin jól fyrr en uppáhalds jólalagjöð þeirra hefur fengið að hljóma. Ekki eru þó allir jafn heppnir að hafa fundið sér uppáhalds jólalag eða plötu. Fyrir þá sem ekki hafa fundið lag við sitt hæfi í hinum hefðbundnu jólalögum fór ég á stúfana og þefaði uppi jólaplötur sem eru kannski ekki á allra vitorði.

## William Hung

**HUNG FOR THE**

Ég veit ekki hvort þessi titill sé slys eða besta djók allra tíma. William Hung sem ruddi brautina fyrir menn eins og Magga Mix gaf út þessa hrikalegu jólaplötu þegar Idolfrægð hans var sem mest. Einhverra hluta vegna hefur hún ekki náð að festa sig í sessi hjá almenningi en hver veit nema hún virki fyrir þig.



## Colonel

**CHRISTMAS WITH**

Ein fyrir feitabollurnar. Því miður verð ég að hryggja ykkur með því að Colonel sjálfur, stofnandi KFC, syngur ekki sjálfur á plötunni heldur hefur hann valið sín uppáhalds lög á þessa safnplötu. Colonel klikkar ekki í kjúklingnum svo ég hef engar áhyggjur af því að tónlistarvalið hans sé ekki á sama kalíberi.



## John Travolta og Olivia Newton-John

**THIS CHRISTMAS**

Travolta, nýkominn úr litun og hári-



# tónlist

Freyr Árnason  
freyr@monitor.is

græðslu rifjar upp gamla takta með Oliviu Newton. Ég get ekki lofað því að gamli grease-filingurinn sé ennþá til staðar en fyrir harðkjarna aðdáendur gæti þetta verið eitthvað.

## Rudy Ray Moore

**THIS AIN'T NO WHITE CHRISTMAS**

Orð eru algerlega óþörf hér. Njótið.



## Jingle Cats

**MERRY CHRISTMAS**

Hver elskar ekki að heyra illa útsett jólalög sungin af köttum? Eins og liggur kannski í augum uppi eru kettimír ekki færir um að fara með texta þannig þeir mjálma sönglínurnar á einstakan hátt. Ef þú ert ein/n af þeim sem segir ennþá já sæll og sérð ekkert athugavert við það, þá er þetta eitthvað fyrir þig.



## Heino

**DEUTSCHE WEIHNACHT**

Meistari Heino lítur út fyrir að hann ætli að drepa einhvern þessi jólín, reyndar lítur hann alltaf þannig út. Frábært þýskt gleðipopp með þjóðlegu ívaði fyrir alla þá sem ætla eyða jólnum einir að skipuleggja fjöldamorð. Og já, hann er ennþá, 40 árum seinna, með aflitað hár.



## Afroman

**A COLT 45 CHRISTMAS**

Afroman er mikið jólabarn og á þessari annarri jólaplötu sinni syngur hann inn jólín á ógleymanlegan hátt með hjálp colt 45-skammbyssu. Tekur hann helstu jólalögin og snýr upp á þau með glænýjum textum. Allur tónlistarlegur flutningur auk yrkisefna er undir sterkum áhrifum, einhverjir eru eflaust að hugsa um marjúána. Já, það er rétt hjá ykkur.



## 24 Sint Nicolaasliedjes


Ég hef ekki komist yfir þessa en af umslaginu að dæma er um að ræða einhverja kaþólsk-rasíska jólaplötu. Ef ég ætti að leggja eitthvað undir myndi ég skjóta á að tónlistin hentaði vel við hinar ýmsu fórnir og aðrar undarlegar athafnir. Hvers vegna börnin eru að vinka og hverju þau eru að vinka á umslaginu get ég því miður ekki svarað.



## Doctor Octoroc


**8-BIT JESUS**

Tölvu- og ofurhetju-elskendur halda líka upp á jól. Öll helstu jólalögin spiluð með 8bita-hljóðum í anda gömlu leikjätölvanna. Ef þú ert með gömlu NES-tölvuna uppi við gæti þetta verið málið fyrir þig.



# Vertu

# ...flott í fallegum



# skóm

# gs skór

Kringlan | Smáralind | erum á facebook

# Steed Lord er ákveðin geðveiki

**Svala Björgvins** syngur aldrei *Ég hlakka svo til á aðventunni og saknar íslenska nammisins þegar hún dvelur í L.A.* **Monitor** ræddi við hana um nýjasta verk Steed Lord, *Bó Halldórs á gúmmíbát og hárkollur Hollywood-stjarnanna.*









jólatónleikum (hlær). Maður þarf að vera þæg og góð, en það er líka bara allt í lagi enda hluti af jólastemningunni.

**Á þínum yngri árum gerðir þú meðal annars jólagið Ég hlakka svo til. Er það lagið sem þú syngur í jólabaðinu á aðfangadag?**

Ónei, ég syng það aldrei. Upprunalega er þetta ítalskt popplag og það eina sem ég hugsa um þegar ég heyri þetta lag er minning um mig og pabba úti á sjó í gúmmibát þegar við vorum á Positano á Ítalíu. Við vorum að hlusta á vasadískó og leita að flottum ítölskum lögum til að gera að jólalögum. Ég fann þetta lag og mér fannst það alveg geðveikt og hugsaði að ég yrði að fá að syngja þetta lag. Ég varð svo æst að ég missti vasadískóið út í sjó og þetta var svona ótrúlega dýr Sony Walkman. Þabbi fríkaði alveg út og stökk út í sjó og kafaði eftir græjunni, sem betur fer var hún vatnsheld og eyðilagðist ekki. Þetta rifjast alltaf upp þegar ég heyri þetta lag (hlær).

**Þú hefur verið úti á jólunum síðastliðin tvö ár en ætlar að vera heima í ár. Sérð þú fram á að búa áfram í Bandaríkjunum á næstu árum?**

Já, við erum ekkert á leiðinni heim í bráð. Það getur vel verið að maður verði þarna í mörg ár til viðbótar, planið er að vera þar allavega næstu þrjú, fjögur árin en svo veit maður aldrei hvað gerist. Míg hefur alltaf langað að búa í Berlín og París, til dæmis. Ég er bara opin fyrir því hvert Steed Lord fer með mann og hvert lífið fer með mann.

**Og hvert sérðu fram á að Steed Lord fari með þig í náinni framtíð? Hvað er framundan?**

Við erum að fara að spila úti um allt til að kynna nýju plötuna. Síðan ætlum við að gera fleiri myndbönd við lög af plötunni, við leikstýrum þeim sjálf. Síðan ætlum við að byrja strax næsta vor að taka upp plötu sem er í raun seinni hluti þessarar plötu sem var að koma út núna. Það er sem sagt bara endalaust spilerí og svo reyndar nokkur verkefni sem ég get ekki alveg sagt frá að svo stöddu.

**MYNDATAKAN**

**Hár:** Ásgeir Hjartarson

**Förðun og stílisering:** Hafsteinn Þór Guðjónsson

**Fatnaður og skart:** Moss by Harpa Einars, Hildur Yeoman, Rey og TwinWithin.

“Ég þurfti í raun að suða í pabba til að fá að gera þetta því hann vildi alls ekki að ég færi að syngja...”

*Síðasta sem ég...*

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Ég bý í L.A. en síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan heimastaðinn minn var Las Vegas. Við spiluðum þar fyrir tveimur mánuðum.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Ég fékk mér grænmetislasagne á Gló í morgun, það var æðislegt.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Ég keypti mér peysu í Nostalgiu um daginn.



**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég sá Seeking a Friend for the End of the World með Keiru Knightley og Steve Carrell. Hún var bara mjög góð, ég fílaði hana.



**Síðasta húsverk sem ég innti af hendi:** Það var bara í morgun, ég ryksugaði aðeins inni á baði hjá mömmu og pabba. Ég bý hjá þeim þegar ég er í heimsókn á Íslandi. Ég er þrífisjúk, ef ég þarf að fá útrás fyrir eitthvað þá fer ég að þrifa hluti.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Það var í gær við Krumma bróður.



**SMÁA LETRIÐ**

**NEVERENDING STORY**



**KVIKMYNDIR**

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Blade Runner.

**Myndin sem ég væli yfir:** Steel Magnolias.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** The Party með Peter Sellers.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Það hefur örugglega verið The NeverEnding Story.

**Versta mynd sem ég hef séð:** The Core, hún er samt geðveik af því að hún er svo slæm.



**TÓNLIST**

**Lagið sem ég hlusta á til að gira mig upp fyrir helgina:** Það er yfirleitt eitthvað með Gusgus eða Róisín Murphy.

**Lagið sem ég fíla í laumi:** Ég hata lagið Come On Eileen en samt er einhver væntumþykja þarna líka.

**Lagið sem ég syng í karóki:** Crazy með Patsy Cline.

**Nostalgiulagið:** Time After Time með Cindy Lauper, það er bara æskan.



**FORM OG FÆÐI**

**Uppáhaldsmatur:** Indverskur matur.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Glúteínlaus og lífrænt ræktaður matur, salöt og heilsusafar.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Rússneskur þjóðarréttur sem ég smakkaði á hóteli í Moskvu, einhverjar bláar kjötbollur og rauðar kartöflur. Það var alveg hræðilegt.

**Líkamsræktin mín:** Að labba og pilates.

**Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum:** Ég var í ballett í mörg ár svo stoltasta augnablikið var líklega þegar ég dansaði á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu þegar ég var þrettán ára.

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# Hlæðu af þér hausinn um jólin



**SKRÍPÓ INNIHELDUR  
150 FRÁBÆRAR  
TEIKNINGAR EFTIR**

**HUGLEIK DAGSSON,  
HALLDÓR BALDURSSON,  
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR  
OG SIGMÚND**

**FORLAGIÐ**  
www.forlagid.is

**„Skrípó er frábært spil ...“  
SPILAVINIR**

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega fyndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

**Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu  
myndatextarnir sprenglægilegir ...**

VILTU VINNA  
ÍSÖLD 4?

Sendu SMS **EST IS4** á  
númerið **1900** og þú  
gætir unnið!

9. HVER  
VINNUR!

Fullt af aukavinningum:  
DVD – Tölvuleikir – GOS ofl.

Með því að taka þátt ertu kominn í  
SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið

KOMIN Á DVD OG BLU-RAY

sena

UPPÁHALDS  
HLUTIR

1) Algjör lúði en ég ætla að segja **tölvan mín** því ég nota hana á hverjum degi. Ég fékk hana í útskriftargjöf frá foreldrum mínum og hún hefur aldrei klikkað.



2) Það er **Cruiser brettið mitt** sem ég fékk að gjöf frá kærastanum mínum sem er sjálfur daglega á bretti. Það er eitt af mínum uppáhalds áhugamálum að renna mér og það er sérstaklega hentugt á sumrin til að koma sér á milli staða.



3) Það er þessi **ullarkápa** sem ég keypti í Zöru í sumar. Ábyggilega af því hún er ein af mínum dýrari flíkum og það er svo gott notagildi í henni.



## Gallabuxna-sökker sem skoðar kettlingamyndbönd á Youtube

Stíllinn fékk **Ástu Jóhannsdóttur** smekkkonu og tískubloggara til að sýna okkur sjö af sínum uppáhalds hlutum.

**Hvað ert þú að gera þessa dagana?** Þegar ég er ekki að vinna eða að skoða kettlingamyndbönd á Youtube þá er ég til dæmis að æfa fitness box nokkrum sinnum í viku. Í frístundum mínum held ég m.a. uppi tískubloggi með tveimur uppáhalds vinkonum mínum (Keen-bean.tumblr.com).

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Ég er með mjög einfaldan stíl sem ég held mig við og er lítið fyrir það að fylgja einhverjum ákveðnum trendum. Ég elska flíkum sem eru einfaldar en samt einstakar á sinn hátt og ég spái mikið í öllum smáatriðum. Ég er algjör sökker fyrir gallabuxum og mér finnst ég aldrei eiga nóg af jökkum. Ég er voða lítið í háum hælum og kjólum og ég finn mig best í strigaskóm og loose flíkum sem nokkurnveginn hanga á manni.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Hér heima enda ég oftast í Spúútník og í Zöru. Erlendis versla ég mikið í Urban Outfitters. Annars er alveg í uppáhaldi hjá mér að versla á ýmiskonar fatamörkuðum og Vintage-búðum. Ég spái voða lítið í því hvaðan flíkurnar eru og gæti fundið mér flík hvaðan sem er, svo lengi sem hún er í toppgæðum.

**Hvað er á óskalistanum fyrir jólin?** Þar sem ég á það oft til að mæta á vitlausum tíma myndi mig mikið langa í einhvert falllegt úr. Ég myndi heldur ekkert slá hendinni á móti skartgripi úr Aftur.

**Hver er best klædda kona í heimi?** Engin ein best klædda að mínu mati en mér finnst hin pólska Julieta Kuczynka og hin japanska Rumi Neely sem heldur uppi blogginu Fashiontoast vera sjúklega flottar þíur. Af hinum íslensku þá fíla ég fatastíl Svölu Björgvins í botn því hún fer algjörlega sínar eigin leiðir.

**Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir veturinn?** Rosalega pykkan trefil, ullarkápu og allavega einn pels.

**Fyrir hvernig tilefni finnst þér skemmtilegast að klæða þig?** Hversdagsleg tilefni eins og þegar ég kiki á kaffihús eða í bíó og einnig þau tilefni sem gefast sjaldan eins og árstíðadagur og því um líkt.

**Hvað er framundan hjá þér í vetur?** Í lok vetrar ætla ég allavega að ferðast með Steven, kærastanum mínum, til Mið- eða Suður-Ameríku. Þangað til ætla ég bara að reyna hafa það eins skemmtilegt og hægt er þangað til alvaran byrjar í háskólanum næsta haust.

4) Gaman að segja frá því að **þessi hvíta gæra** er fyrsta flíkin sem ég pantaði mér af netinu í den og held ég þess vegna upp á hana. Svo tók ég líka eftir því um daginn að ein af mínum uppáhalds bloggurum á nákvæmlega alveg eins.



5) **Sam Edelman-efirlíking** sem ég fékk að gjöf frá tveimur bestu vinkonum mínum og hafði mig langað lengi í þá. Mér þykir mjög vænt um þá og enn þá vænna um þær.



6) Eftir að hafa ráfað lengi vel um götur Brooklyn í leit að litlum sögu- legum flóamarkaði, finna hann svo loks og koma þaðan út tómhent, bjargaði það alveg deginum þegar eldri kona á kökubasar þar rétt hjá seldi mér þessa **vintage-tösku** á



500 kr. Taskan minnir mig á mjög eftirminnilegan og skemmtilegan dag með alveg einstaklega góðri vinkonu.

7) **Mac fix spray** sem ég nota bæði undir og yfir farða þau skipti sem ég mála mig. Til að vera hreinskilin þá veit ég ekki hvaða gagn það á að gera en þrátt fyrir það er það ávanabindandi og mjög svo frískandi. Sölukonurnar í Mac ná alltaf að plata mann í einhverja vítleysu.



## ÁSTA

Fyrstu sex: 110191

Staða (nám/starf):

Nýstúdent og

vinn eins og er

hjá heimþjónustu

Reykjavíkurborgar.

Uppáhalds búð:

Spúútník

Þrjú orð sem lýsa

þér best: Hefur alltaf

fundist þínlegt að

svara þessu en ætli

ég myndi ekki segja

jarðbundin, óþolin-

mód og hreinskilin.

**VILTU VINNA  
AMAZING  
SPIDERMAN?**




**Sendu SMS EST SP á  
númerið 1900 og þú  
gætir unnið!**

**9. HVER  
VINNUR!**

**Fullt af aukavinningum:  
DVD - Tölvuleikir - GOS ofl.**

Með því að taka þátt ertu kominn í  
SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið

KOMIN Á DVD OG BLU-RAY

## Frábært viðbrögð við nýrri línu

Nýlega kom út seinni Moss-lína **Hörpu Einarsdóttur** fyrir verslunina Gallerí 17. Línan einkennist einna helst af fallegum printum og hentar bæði fyrir hversdags og sparitilefni. **Stíllinn** tók spjall við Hildi Ragnardóttur, verslunarstjóra Gallerí 17, um nýju línuna.

**Hvernig byrjaði samstarfið?** Okkur langaði að gera nýja hluti með Moss-merkið okkar, sem lengi hefur verið í Gallerí 17. Við erum allar mjög hrifnar af hönnuninni hennar Hörpu, svo okkur fannst kjörið að fá hana til að gera línur fyrir okkur.

**Hvað einkennir Mosslínuna?** Í þessari línu er mikið um print, bæði kisuprint og svo tvö mismunandi landslagsprint líka. Bleikir, sægrænir og bláir tónar á móti svörtu og hvítu printi. Efnin eru aðallega chiffon, viscose, spandex ásamt kögri og sléttflaveli. Einnig sameinar Mosslínun stórglæsilega íslenska hönnun og viðráðanlegt verð fyrir breiðan aldurshóp.

**Hvernig fatnaður er þetta helst?** Við erum með leggings, kjóla, kimonojakka, stutta toppa, boli og pils. Línan er bæði casual og sparileg, bæði hægt að dressa flíkurnar upp fyrir finni tilefni og svo líka bara í vinnunna eða skólann.

**Hvernig hafa viðbrögðin verið við línunni?** Viðbrögðin hafa verið frábær! Flíkurnar með kattarprinti eru uppseldar í bili, en koma vonandi aftur fyrir jól.

**Er jóladressið í ár að finna í línunni?** Já, algjörlega. Mitt jóladress er allavega landslagskimonojakkinn!

**Hefur Harpa hannað fyrir Gallerí 17 áður?** Þetta er önnur línan sem Harpa Einars gerir fyrir okkur. En vor/sumarlínan hennar kom í búðir í sumar.

**Mun samstarfið halda áfram?** Samstarfinu við Hörpu Einars er lokið í bili, en hugmyndin er að fá einn íslenskan hönnuð hvert ár til að gera bæði sumar- og vetrarlínu fyrir okkur, svo það eru mjög spennandi tímar framundan fyrir Moss-merkið og Gallerí 17.



MONITOR

KYNNIR:

HVALMARR

Ásgeir Úrausti  
valdimar

MOSES HIGHTOWER

KIRIYAMA FAMILY

HÁTT Í HÖLLINNI

LAUGARDALSHÖLL 19. DESEMBER

UPPSELT Í STÚKU!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í STÆÐI STRAX

Á [MIDI.IS](http://MIDI.IS)

Finndu okkur á Facebook: "HÁTT Í HÖLLINNI"

ÍSLENSKA  
HAMB  
ORGARA  
FABRIK  
KAN  
2010



HÁDEGISTÓNLEIKAR  
FABRIKKUNNAVAR



**HÁDEGISTÓNLEIKAR Á FABRIKKUNNI Í DESEMBER!**

LANDSLIÐ TÓNLISTARMANNA KYNNIR JÓLAPLÖTUR SÍNAR Á FABRIKKUNNI Í HÁDEGINU Í DESEMBER

**TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 12 Á HÁDEGI OG ER DAGSKRÁIN SEM HÉR SEGIR:**

Mánudagur **3.** desember  
**VALDIMAR GUÐMUNDSSON**

Þriðjudagur **4.** desember  
**BJARTMAR GUÐLAUGSSON**

Miðvikudagur **5.** desember  
**HREIMUR**

Föstudagur **7.** desember  
**ELÍZA NEWMAN**

Mánudagur **10.** desember  
**MAGNI**

Þriðjudagur **11.** desember  
**JET BLACK JOE**

Miðvikudagur **12.** desember  
**FRÍÐRIK DÓR**

Fimmtudagur **13.** desember  
**LÁRA RÚNARS**

Mánudagur **17.** desember  
**MAGNÚS OG JÓHANN**

Þriðjudagur **18.** desember  
**MYRRA RÓS**

Miðvikudagur **19.** desember  
**PÓRUNN ANTONÍA**

Fimmtudagur **20.** desember  
**SVERRIR BERGMANN**

Föstudagur **21.** desember  
**JÓN JÓNSSON**



**BÓKAÐU BORD Í TÆKA TÍÐ Í SÍMA 575 7575  
EÐA Á FABRIKKAN@FABRIKKAN.IS.**

